



Djass Andrés Þór leikur á gítar í ASA-tríóinu, með honum eru Agnar Már á orgel og Scott McLemore á trommur.

Þverskurður fimm Asa-ára

TÓNLIST
VERNHAÐUR
LINNET

Múllinn í Risinu
ASA tríó★★★★☆



Andrés Þór Gunnlaugsson gítar, Agnar Már Magnússon orgel og Scott McLemore trommur.
Miðvikudagskvöldið 10.11.2010.

ASA-tríóið fór um víðan völl á Múla-tónleikunum á miðvikudagskvöld og lék sýnishorn af þeirri tónlist sem verið hefur á efnisskrá þeirra þau fimm ár sem tríóið hefur starfað. Það sem mér hefur þótt mest til koma á ferli ASA-tríósins eru Monk-útsetningar þeirra og þeir hófu þessa tónleika á „Bems swing“ þar sem hápunkturinn var dansandi fínt samspil Agnars Márs og Scott McLemore þar sem bakkaslögin réðu í trommuleiknum. Annar Monk ópus var á efnisskránni; útsetning Scotts

á „Straight no chaser“. „Er þetta ekki í 7/4?“ spurði Andrés og trommarinn kinkaði kolla. Það var ekki algengt fyrir dag „Time Out“ Dave Brubecks að djassleikarar léku í annarri taktegund en 4/4, en nú má þakka fyrir hvert lag í þeim takti þar sem klassísk sveifla ríkir. ASA-tríóið er ekki mikið að flagga klassískum djassi, en í gamla slagaranum „Bye, bye blackbird“ var sú sveifla ríkjandi og aðaleinleikari Scott, sem burstaði í upphafi í stað þess að laglínar væri leikin og Andrés spanns svo að hætti Armstrongs, þannig að laglínar skein alltaf í gegn og Agnar Már með sterka sveiflu í vinstri hendinni. Það var fleira á hefðbundnari djassnótum, svo sem tíðindalaus útgáfa af „Giant steps“ eftir John Coltrane og feikifalleg túlkun á „Time remembered“ eftir Bill Evans, með snjöllum inngangi Andrésar og tilfinningaríkum orgelsólum Agnars.

Svo var mikið stuð í „Manic depression“ Jimi Hendricks og „I got a woman“ Ray Charles ekki síður en gömlum ópusi eftir Andrés Þór:

„Torka“. Það er flott að heyra tríó einsog ASA-tríóið þenja sig rokk-skotið en hafa alltaf á hreinu að þarna höndla djassleikarar hljóðfærin. Flott stöf; aftur á móti náði flutningur þeirra á „Beautiful boy“ eftir John Lennon ekki eyrum mínum.

Þessir tónleikar voru skemmtileg upprifjun á ýmsu því sem þeir ASAmenn hafa tekið sér fyrir hendur síðustu fimm árin, en heildarsvipinn skorti og tónleikarnir urðu aldrei sú upplifun sem vænta mátti þótt mörg perlan hafi verið leikin.

Þeir félagar eru að vinna að Monk-skífu, sem að líkum lætur verður góður fengur. Múllinn verður í Risinu hvert miðvikudagskvöld fram í miðjan desember og á mánudagskvöldið verður stórveisla í Risinu. Ein af ferskustu hljómsveitum New York hefur þar Evrópufer sína: Endangered Blood, þar sem Chris Speed og Oscar Noriega þenja saxófónana, Trevor Dunn slær bassa og sjálfur Jim Black trommur. Happa-fengur fyrir alla unnendur framsækinnar tónlistar.

Borgarleikhúsið

568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is

Fjölskyldan ★★★★★ GB, Mbl

Fólkið í kjallaranum (Nýja svið)

Pri 16/11 kl. 20:00 Ný auka	Fim 25/11 kl. 20:00 21.k	Mið 8/12 kl. 20:00 25.k
Lau 20/11 kl. 19:00 17.k	Lau 27/11 kl. 19:00 22.k	Fim 9/12 kl. 20:00 26.k
Lau 20/11 kl. 22:00 18.k	Lau 27/11 kl. 22:00 Aukas	Fös 10/12 kl. 19:00 27.k
Sun 21/11 kl. 20:00 19.k	Mið 1/12 kl. 20:00 23.k	
Pri 23/11 kl. 20:00 20.k	Sun 5/12 kl. 20:00 24.k	

Sýningum lýkur í desember

Gauragangur (Stóra svið)

Mið 17/11 kl. 20:00 aukas	Sun 28/11 kl. 15:30 Aukas
Fim 18/11 kl. 20:00 14.k	Sun 28/11 kl. 20:00 15.k

Sýningum lýkur í nóvember

Fjölskyldan (Stóra svið)

Fös 19/11 kl. 19:00 4.k	Fös 3/12 kl. 19:00 7.k	Fim 30/12 kl. 19:00
Mið 24/11 kl. 19:00 5.k	Lau 4/12 kl. 19:00 8.k	
Fös 26/11 kl. 19:00 6.k	Lau 18/12 kl. 19:00 9.k	

Stjórnmuleikur sem endar með flugeldasýningu, BS, pressan.is

Enron (Stóra svið)

Lau 20/11 kl. 20:00 15.k	Fim 25/11 kl. 20:00 16.k	Lau 27/11 kl. 20:00 17.k
--------------------------	--------------------------	--------------------------

Sýningum lýkur í nóvember

Jesús litli (Litla svið)

Fös 19/11 kl. 19:00 5.k	Fim 2/12 kl. 20:00 11.k	Mið 8/12 kl. 20:00 14.k
Sun 21/11 kl. 19:00 6.k	Fös 3/12 kl. 19:00 8.k	Fim 9/12 kl. 20:00 15.k
Mið 24/11 kl. 20:00 7.k	Fös 3/12 kl. 21:00 9.k	Sun 12/12 kl. 20:00 16.k
Fös 26/11 kl. 19:00 aukas	Lau 4/12 kl. 19:00 12.k	Fim 16/12 kl. 20:00
Mið 1/12 kl. 20:00 10.k	Lau 4/12 kl. 21:00 13.k	Lau 18/12 kl. 19:00
Fim 2/12 kl. 18:00 aukas	Pri 7/12 kl. 20:00 aukas	Lau 18/12 kl. 21:00

Sýningar 2/12 kl 18 og 7/12 kl 20 verða túlkaðar á táknaði

Faust (Stóra svið)

Fim 6/1 kl. 20:00	Sun 16/1 kl. 20:00
Fös 14/1 kl. 22:00	Fim 20/1 kl. 20:00

Aukasýningar á Íslandi vegna fjölda áskorana

Harry og Heimir - leikferð (Samkomuhúsið Akureyri)

Fös 19/11 kl. 19:00	Lau 20/11 kl. 22:00	Fös 26/11 kl. 19:00 aukas
Fös 19/11 kl. 22:00	Sun 21/11 kl. 17:00 aukas	Lau 27/11 kl. 19:00 aukas
Lau 20/11 kl. 19:00	Sun 21/11 kl. 20:00	

Sýnt í Samkomuhúsinu hjá LA á Akureyri

Horn á höfði (Litla svið)

Lau 20/11 kl. 14:00 16.k	Lau 27/11 kl. 14:00 18.k
Sun 21/11 kl. 14:00 17.k	Sun 28/11 kl. 14:00 19.k

Gríman 2010: Barnasýning ársins

Þjóðleikhúsið

ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSARI!

★★★★★ Mbl, GB
★★★★★ Fbl, EB

leikhusid.is / 551 1200

HÆNU UNGARNIR

Klippt og málað

MYNDLIST
ANNA JÓA

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús



Erró – klippimyndir
★★★★★

Til 28. ágúst 2011. Ópið alla daga kl. 10-17. Aðgangur ókeypis. Sýningarstjóri: Danielle Kvaran.

Frá árinu 1989 hefur Erró fært Listasafni Reykjavíkur á fimmtá hundrað klippimyndir að gjöf. Á sýningunni „Erró – klippimyndir“ má nú skoða um 130 verk úr safninu og um leið öðlast mikilvæga innsýn í þróun grundvallarþátta í myndsköpun listamannsins.

Elstu verkin eru frá öndverðum sjötta áratug síðustu aldar, þegar Erró, eða Guðmundur Guðmundsson, er við nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Skólaverkin eru í sýningarborði, þau einkennast af lita- og formtilraunum en þarna má strax sjá áhuga Errós á hreyfingu og margbrottinni frásögn í myndum sem fjalla um vélmenningu og stríð. Á vegg þar hjá sjást blekteikningar í bland við útklipptan texta og ljósmyndir úr dagblöðum frá því í lok áratugarins. Þessi verk lýsa tilvistarangist og skírskota til súrrealisma. Úrklippur sást einmitt gjarnan í verkum eftir listamenn sem unnu undir formerkjum súrrealisma, dadaisma eða kúbisma á fyrri hluta 20. aldar.

Við upphaf 7. áratugarins er Erró farinn að móta myndstíl sinn í klippiverkum þar sem hann blandar saman myndum af andlit-



Klippt Á sýningunni „Erró – klippimyndir“ má nú skoða um 130 verk.

um fyrirsætna og af vélum af ýmsu tagi sem hann hefur klippt út úr tímaritum og blöðum. Verkið *Alsæla* frá 1959 er gott dæmi um það hvernig figúran umbreyttist í eins konar vélrænt skrimslí; þarna birtast hugmyndir

um hvernig manneskjan glatar mennsku sinni á tímum hraðrar vél- og tæknivæðingar. Erró fyllir ekki út í myndflötinn í þessum verkum, þarna mótast hann sterk form á einlitum bakgrunni.

Svo virðist sem ofgnóttin hafi leyst mikinn sköpunarkraft úr læðingi við komu Errós til Bandaríkjanna: neyslumeningin, flæði ímynda, mannhafið og kraumandi listalíf stórborgarinnar New York. Þarna stendur honum skyndilega til boða mikið magn af alls kyns myndefni úr öllum kimum menningarinnar, þ. á m. eftirprentanir af listaverkum eftir þekktu nútímalistamenn á borð við Picasso, Léger og Matisse, van Gogh og Gauguin, en einnig fréttamyndir, auglýsingar, og myndasögur. Tjáningarþörf Errós tengist að miklu leyti straumum og málefnum líðandi stundar. Um leið er hann myndlistarmaður í samræðu við listasöguna – rannsakandi í merkingarheimi málverksins jafnt sem margs konar sjónrænna ímynda. Klippiverkin frá þessum árum einkennast af slíkri samræðu og viðleitni til að ná utan um tíðarandann og þar með leggur hann grunninn að samsettu myndheimi sínum þar sem (afleiddar) ímyndir flæða um myndflötinn.

Á vegg fyrir miðjum sal má bera saman klippimyndir og svo málverk sem unnin hafa verið út frá þeim; í *Brúðu Medúsuflekans* (1989) og *Oswald* (1978) má glöggva sig á því hvernig Erró leggur til eigin túlkun í málaðri eftirmynd af ljósmyndum í klippiverkunum, og hvernig hann þreifir sig áfram með mismunandi málunaraðferðir. Og innar í salnum sést hvernig hann mótast stóru veggmyndirnar *Vísindamennirnir* og *Verkfræðingarnir* miklu (unnar 1986-89) með aðstoð klippitækninnar. Sýningin varpar ljósi á ýms tímabil á ferli hans, þar kemur klippitæknin alls staðar við sögu, og í völdum myndum frá 1984 til 2010 má sjá að hún er honum óþrjótandi uppspretta og sterkt mótnaralíf í myndsköpun.